

1. fundur foreldraráðs Garðaskóla veturinn 2007-2008

Foreldraráðsfundur haldinn Garðaskóla 23/8/ 2007 kl. 17:00

Mætt: Jón Bæring, Anna Magnea, Helena, Guðrún Rósa, Brynhildur (aðstoðarskólastj.) og Þröstur (skólastj.). Axel frá Skólamat mætti í fyrsta lið.

1. Matarmál

Umræða fór fram um mötuneytismál. Samþykkt að Axel kæmi með tilboð í mánaðarskrift fyrir einn mánuð fyrir heitan mat. Samþykkt að stefna að því að fá nemendarráð og jafnvel hluta úr félagsmálahóp inn í umræðu um matarmál hvað varðar matseðil. Brynhildur vinnur í því að fá nemednur.

2. Staða mála innan skólans

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa skipt með sér verkum þannig að skólastjóri sér m.a um starfsmanna- og fjármál, en aðstoðarskólastjóri meira með nemendamál í samvinnu við deildarstjóra.

Mönnun fyrir veturinn lokið. Leiðbeinandi ráðinn í tónmenntakennslu og að hluta í náttúrufræði. Námsráðgjafar verða í 1,5 stöðugildi.

Fjöldi nemenda 446

Komnar fram frumteikningar á tölvu-og upplýsingaveri ásamt bókasafni. Teikningar kynntar Búið að endurbæta lýsingu á fyrstu hæð skólabyggingarinnar.

Umræða fór fram um eineltismál. Kom fram að það þyrfti að fylgja málum vel eftir.

Umræða um Marita verkefnið síðast liðið vor og kom þar fram að þátttaka foreldra á boðaða fundi hafi verið dræm og vaknaði spurningin hvað þyrfti til að vekja áhuga foreldra.

Umræða um skóladagatal síðasta vetrar vegna athugasemda sem komu. Skólastjóri sendi yfirmanni skólaskrifstofu bréf vegna þessa máls til skýringar.

3. Vinnureglur Garðaskóla vegna náms og starfa utan skóla –uppkast

Kynnt og lagt fram til umsagnar

4. Handbók starfsmanna

Lögð fram til kynningar.

5. Rýnihópur nemenda í Garðaskóla (nemendaráð) veturinn 2007-2008

Lagt fram til kynningar lýsing á reglum, ferli og verkefnum.

Aðstoðarskólastjóri mun sjá um að koma á rýnihóp/nemendaráði.

Fundi slitið kl. 19:30